

Rétu megin við lög

Í kjölfar sveitarstjórnakosninganna síðastliðið vor hefur Jafnréttisstofa ásamt félagsmálaráðuneytinu lagt sig fram við að upplýsa sveitarfélögin um skyldur þeirra gagnvart jafnréttislögum. Til lögboðinna verkefna sveitarfélaga heyrir að starfrækja jafnréttisnefnd, taka frumkvæði í jafnréttismálum og gera jafnréttisáætlanir fyrir sveitarfélagið. Með lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er sveitarfélögum gert skylt að starfrækja jafnréttisnefnd. Í 10. gr. laganna kemur einnig fram sú skylda sveitarfélags að gera jafnréttisáætlun til fjögurra ára á fyrsta ári hvers kjörtímabils. Með þeirri kröfu er ætlunin að tryggja að jafnréttismál komist á dagskrá nýrrar sveitarstjórnar við upphaf hvers kjörtímabils og að nýskipuð jafnréttisnefnd hafi skilgreint verkefni frá fyrsta starfsdegi.

10. gr.

Jafnréttisnefndir sveitarfélaga

Sveitarstjórnir skulu, að loknum sveitarstjórnarkosningum, skipa 3-5 manna jafnréttisnefndir sem hafi með höndum jafnréttismál innan sveitarfélagsins samkvæmt lögum þessum. Skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla ásamt því að fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Skulu nefndirnar hafa umsagnarrétt um eða umsjón með gerð jafnréttisáætlana sveitarstjórna til fjögurra ára sem lagðar skulu fram eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

Við lagabreytinguna árið 2000 var ákvæði um stærðarmörk sveitarfélaga afnumið og er því öllum sveitarfélögum nú skylt að skipa jafnréttisnefnd og gera jafnréttisáætlun. Rétt er að taka hér fram að sveitarfélögum er heimilt skv. 41. gr. sveitarstjórnarlaga að sameina nefndir eða fela öðrum nefndum að fara með lögbundin verkefni jafnréttisnefndar. Þetta er gert í allnokkrum minni sveitarfélögum og er þá félagsmálaráðum eða –nefndum oftast falin verkefni jafnréttisnefndar. Þetta er leið sem oft á tíðum hefur tekist vel.

Jafnréttisnefnd eða sú nefnd sem falin er ábyrgð á jafnréttismálum hjá sveitarfélaginu á samkvæmt lögum að hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlunar til fjögurra ára, en áætlunin á að vera samþykkt innan árs frá kosningum. Sveitarstjórnakosningarnar voru í maí 2006 og er því enn tími til stefnu til að uppfylla þessi lagaákvæði.

Könnun á jafnréttisnefndum sveitarfélagana

Jafnréttisstofa hefur nú gert könnun á stöðu jafnréttismála hjá sveitarfélögunum. Hinn 17. ágúst 2006 sendi Jafnréttisstofa sveitarfélögunum bréf til þess að minna á skyldur þeirra samkvæmt jafnréttislögum og hvetja þær til þess að skipa í jafnréttisnefnd. Einnig var beðið um að Jafnréttisstofu væri tilkynnt um skipun nefndarinnar ásamt því að spurt var um jafnréttisáætlun og hvort stofan gæti fengið hana til athugunar. Dagana 27. til 29. október s.l. var svo haft samband við þau sveitarfélög sem ekki höfðu skilað inn svari við

fyrirspurn stofunnar. Svör bárust frá 61 sveitarfélögum en sveitarfélögin í landinu eru núna 79 (svarshlutfall 77%).

Niðurstaða könnunarinnar er sú að af þessum 61 sveitarfélagi eru 59 með sérstaka jafnréttisnefnd (22) eða hafa gert aðra nefnd ábyrga fyrir málaflokknum (37). Af þeim sveitarfélögum sem svöruðu eru því 97% með nefnd ábyrga fyrir jafnréttismálum sem verður að teljast gott. Sambærileg könnun sem gerð var af þingskipaðri nefnd um jafnrétti við opinbera stefnumótun¹ 2001 leiddi í ljós að 45% sveitarfélaganna sem svöruðu fyrirspurninni voru með slíka nefnd. Þessa aukningu verður því að telja mikinn árangur.

Í báðum þessum könnunum var svörun minni sveitarfélaganna lítil. Samanburður milli kannana leiðir líka til þeirrar niðurstöðu að ólíklegt er að minnstu sveitarfélögin hafi starfandi jafnréttisnefnd eða hafi sett sér jafnréttisáætlun. Sé sú djarfa ályktun dregin að þau sveitarfélög sem ekki svöruðu hafi hvorki skipað jafnréttisnefndir né gert jafnréttisáætlun er ljóst að einungis um 30% sveitarfélaga höfðu gert það. Sambærileg tala fyrir árið 2006 væri hins vegar 75%. Miðað við þessar tölur þá búa um 96% landsmanna í sveitarfélagi þar sem er jafnréttisnefnd. Þessari breytingu ber að fagna og er vonast til að þau sveitarfélög sem eiga eftir að skipa jafnréttisnefnd sjái sér fært að gera það hið fyrsta.

Jafnréttisáætlanir sveitarfélaganna

Niðurstöður þess hluta könnunarinnar sem snýr að jafnréttisáætlunum eru hins vegar ekki jafn jákvæðar. Af þeim 61 sveitarfélögum sem svöruðu könnuninni árið 2006 voru 26 (43%) með áætlun og 14 (23%) að vinna að henni en 21 sveitarfélag sagðist hvorki vera með né hafa áætlun um að vinna jafnréttisáætlun (34%). Árið 2001 voru 27% sveitarfélaganna sem svöruðu könnuninni með áætlun og munar þar töluverðu miðað við svörunina núna.

Ef við drögum aftur þá ályktun að þau sveitarfélög sem ekki hafa svarað séu ekki með jafnréttisáætlun kemur í ljós að eingöngu 33% sveitarfélaga eru með áætlun og 18% eru að vinna að áætlun, en 49% sveitarfélaga hafa ekki jafnréttisáætlun né áform um að uppfylla þá lagalegu skyldu sína. Hér verður að taka inn í myndina að enn er nokkur tími eftir af árinu sem sveitarfélögunum er gefinn til þess að ljúka vinnu að jafnréttisáætlun samkvæmt lögum. Það gefur von um að þær áætlanir sem nú eru í undirbúningi verði tilbúnar þá og eitthvað af þeim sveitarfélögum sem ekki hafa áform um að gera áætlun setji það á stefnuskrána.

Innihald jafnréttisáætlana

Jafnréttisstofu bárust 23 jafnréttisáætlanir með könnuninni. Áveðið var að fara yfir innihald þeirra og skoða hvort þær uppfylltu lagalega skilgreiningu á innihaldi slíkrar áætlunar. Í ljós kom að fimm áætlanir byggðu á lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 28/1991, en jafnréttislaggöfin er frá árið 2000 og byggja þær því á

¹ <http://forsaetisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/693>

úreltum lögum og teljast ekki löglegar. Ein áætlun byggir ekki á neinum lögum og uppfyllir hún því ekki heldur lagalega skyldu.

Í 13. -17. gr. jafnréttislaga er sérstaklega kveðið á um hvað á að vera í jafnréttisáætlun. Ef þær 16 áætlanir sem byggja á lögum nr. 96/2000, er skoðaðar út frá þeirri skilgreiningu kemur í ljós að átta þeirra uppfylla lagaskylduna.

Ef litið er til þess hvað það er sem vantar í þær níu áætlanir sem eftir standa kemur í ljós að það vantar eitt eða fleiri atriði úr lögnum en aðeins ein hefur ákvæði um kynferðislega áreitni (17. gr.). Fjórar áætlanir hafa ekki ákvæði um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs (16. gr.) og þrjár hafa ekki ákvæði um laus störf, starfsþróun og endurmenntun (15. gr.). Það verður þó að teljast jákvætt að allar höfðu þær ákvæði um launajafnrétti (14. gr.).

Á grundvelli þessarar könnunar eru jafnréttisnefndir hvattar til að skoða jafnréttisáætlunir sínar eða gera sér áform um gerð slíkrar áætlunar. Mikilvægt er að skoða hvort áætlanirnar uppfylli lagalega skyldu slíkrar áætlunar en Jafnréttisstofa býður sveitarfélögunum úttekt á áætlun sinni og aðstoð við gerð hennar. Þjónustan er sveitarfélögunum að kostnaðarlausu.

Horft fram á veginn

Ljóst er að flest sveitarfélög er réttu megin við jafnréttislögin hvað varðar skipun jafnréttisnefndar. Jafnréttisstofa hefur líka fullan skilning á því að minnstu sveitarfélögin hafi ekki burði til að skipa sérstakar jafnréttisnefndir eða viðhafa mikið jafnréttisstarf. Þetta er vandamál sem þarf að ræða og finna lausn á. Meðal annars má benda á að samstarf minni sveitarfélaga á vettvangi félags- og barnaverndamála hefur tekist vel og áhugavert að velja því fyrir sér hvort slíkt samstarf væri mögulegt þegar kemur að jafnréttismálum.

Gera má ráð fyrir að staða jafnréttismála í sveitarfélögunum sé í stöðugri þróun í átt til hins betra og óhætt er að fullyrða að þar fari víða fram gott starf á sviði jafnréttismála. Jafnréttisstofa vill að lokum benda á að upplýsingar um gerð jafnréttisáætlana eru á heimasíðu stofunnar www.jafnretti.is og veitir starfsfólk Jafnréttisstofu ókeypis leiðbeiningar og aðstoð í gegnum síma og tölvupóst. Einnig býður stofan upp á námskeið um gerð jafnréttisáætlana þar sem farið er í samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða ásamt öðrum aðferðum sem beitt er til að koma jafnrétti í framkvæmd.

Hugrún R. Hjaltadóttir